

Menntaskólinn á Akureyri,

2. bekkur T og U

haustönn 2011

Kennari: Björn Vigfússon

SAG 2A050

Áfangalýsing:

Áfanginn er fyrsti söguáfangi nemanda Menntaskólans á Akureyri og annar af tveimur sem allir nemendur taka. Sagan sem námsgrein og fræðigrein og helstu grunnþættir hennar verða kynntir í upphafi áfangans. Saga mannkyns verður rakin frá upphafi sögulegs tíma fram um 1800 e.Kr. Höfuðáhersla er lögð á sögu Vesturlanda og hún sögð frá landbúnaðarbyltingu fyrir u.þ.b. 9000 árum til frelsisstríðs Bandaríkjanna á seinni hluta 18. aldar. Íslandssagan frá landnámi fram til aðdraganda sjálfstæðisbaráttu verður rakin samhliða mannkynssögunni.

Markmið áfangans:

1. Að nemandinn fái þekkingu og tilfinningu fyrir hinum samfellda sögulega tíma sem og mismunandi skeiðum innan hans.
2. Að nemandinn kunnir skil á samfelldri þjóðarsögu Íslendinga, einstökum tímabilum innan hennar og samhengi við sögu umheimsins.
3. Að nemandinn verði vel læs á hin ólíku birtingarform sögunnar og geti miðlað þekkingu sinni og skilningi með fjölbreyttum hætti.
4. Að nemandinn þjálfist í að meta gildi og áreiðanleika heimilda, frásagna og sögulegra skýringa.

Námsefni:

1. *Fornir tímar*, - í ritstjórn Gunnars Karlssonar. Mál og menning. Reykjavík. 2003.
2. Fjölritað efni frá kennurum.
3. Myndbönd og margmiðlunarefni sem tengist efni áfangans.

Kennsluaðferðir:

Stefnt er að því að kennsluhættir í sögu verði sem fjölbreyttastir. Hefðbundnar og sígildar aðferðir verða notaðar í bland við nýrri aðferðir og tækni samtímans. Fyrirlestrar, umræður, ýmis verkefni bæði skrifleg og munnleg, liggja til grundvallar því starfi sem fram fer í kennslustundum.

Kennsluáætlun:

Þrír fyrstu hlutar bókarinnar verða lesnir óstýttir (- bls. 6 – 213) . Í þremur síðari hlutum bókarinnar (- bls. 217 – 367) eru kaflar sem ekki verða lesnir til prófs. Um þá verður tilkynnt síðar. Á það skal bent að best gagnast bókin nemendum ef hún er lesin öll. Lokaprófið gildir 70% af einkunn.

Vetrareinkunn gildir 30% og er samansett af fyrirlestri , prófi á miðri önn og verkefnum af ýmsum toga. Þar getur innihaldið verið mismunandi milli hópa en umfangið verður alltaf sambærilegt.

Megindrættir sameiginlegrar yfirferðar allra bekkjardeilda eru eftirfarandi:

1. til 4. vika: Kynning sögu og sagnfræði, tíminn og sagan, ágríp sögu hugmynda og tækni, landbúnaðarbyltingin, upphaf siðmenningar, fljótamening, ríkismyndun, Austurlönd nær og fjær, Grikkland, Róm (- bls. 6 - 80)

5. til 8. vika: Miðaldir, þjóðflutningar, þjóðríki Evrópu, lénsveldi, Karl mikli, víkingar, landnám Íslands, Alþingi, þjóðveldi, landafundir í vestri, hin alþjóðlega kaþólska kirkja, kristnitaka og biskupsstólar á Íslandi, krossferðir, kirkjuvald, konungsvald, Sturlungaöld á Íslandi, endalok þjóðveldis. Daglegt líf, stéttir og efnahagur (- bls. 81 -169 og bls. 217 – 271)

9. til 14. vika: Nýöld, endurreisn og siðaskipti í Evrópu og á Íslandi, landafundir, verslun og siglingar, evrópskur kapitalismi, einokun og einveldi á Íslandi, daglegt líf í sveit og borg, atvinnuvegir, manntalið 1703 á Íslandi, stjórnarfar og upplýsing, frelsisstríð Bandaríkjanna (- bls. 275 -213 og bls. 271 – 367)

Námsmat:

Próf í lok annar 70%
Verkefni af ýmsum toga 30%.

Ath! Nemandi verður að ná 45% af lokaprófi til að fá áfangann metinn.

Með fyrirvara um breytingar: Björn Vigfússon.